

**Ed.**

**451. Frumvarp til laga**

[219. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

3. gr., 1. málsg. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskóla-próf. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

**2. gr.**

3. gr., 2. málsg. orðist svo:

Rektorskjör fer fram í aprilmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

**3. gr.**

3. gr., 3. málsg. orðist svo:

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 1. málsg. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

**4. gr.**

4. gr., 1. málsg. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef Félag háskólakennara og stúdentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til

eins árs. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

5. gr.

4. gr., 3. málsg. breytist þannig, að í stað orðanna „eða fulltrúi, er Félag háskólakennara tilnefnir“ komi: eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefnir.

6. gr.

9. gr., 1. málsg. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspékideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

7. gr.

14. gr., 1. málsg. breytist þannig:

Í stað orðanna „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ komi: Enn fremur eiga þar sæti þrjú fulltrúar stúdenta, í deildum þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

8. gr.

14. gr., 3. málsg. breytist þannig, að aftan við málsgreinina bætist: Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir.

9. gr.

14. gr., 4. málsg. breytist þannig, að aftan við málsgreinina bætist: Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir.

10. gr.

29. gr. orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

11. gr.

X. kafli falli brott, og breytist tölusetning XI. kafla til samræmis við það, þannig að hann verði X. kafli.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að öðru leyti en því, að ákvæði 6. gr. og 11. gr. öðlast gildi 15. september 1976.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Háskóla Íslands, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því í menntamálaráðuneytinu í samráði við háskólarektor.

Núgildandi lög um Háskóla Íslands eru að meginstofni 6 ára gömul, lög nr. 84/1970, en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim, sbr. lög nr. 112/1970, 67/1972, 88/1973 og 3/1975.

Á tímabilinu frá febrúar 1975 til febrúar 1976 hefur háskólaráð samþykkt nokkrar tillögur til breytinga á háskólalögum og hafa þær verið sendar menntamálaráðuneytinu jafnóðum. Hér hafa flestar þessara tillagna verið felldar inn í eina heild.

Meginefni þeirra breytinga á lögnum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, varða eftirtalin atriði:

1. Rektorskjör og stjórn deilda.
2. Stofnun nýrrar deildar, félagsvísindadeildar.
3. Prófdómarafyrirkomulag.

**1. Rektorskjör. Stjórn deilda.** Aðild stúdenta og starfsmanna háskólans, annarra en prófessora, að rektorskjöri og stjórn deilda hefur verið mjög til umræðu í háskólaráði undanfarin tvö ár. Kom sú umræða í kjölfar álitserðar nefndar, sem háskólaráð skipaði haustið 1972 og skilaði álitum snemma árs 1974, og tillagna frá Stúdentaráði Háskóla Íslands, sem bærust um svipað leyti. Tillögur þessar hlutu ýtarlega meðferð innan háskólans veturinn 1974—75. Á fundi háskólaráðs 1. júlí 1975 lagði rektor fram svohljóðandi tillögu, sem samþykkt var í háskólaráði: „Háskólaráð ályktar að fela rektor að semja í sumar drög að frumvarpi til breytinga á háskólalögum, þar sem 1) hlutdeild stúdenta í rektorskjöri verði aukin í 1/3, 2) stúdentar fái allt að fjóra fulltrúa í háskólaráði, 3) Félag háskólakennara fái 2 fulltrúa í háskólaráði og sé annar þeirra ekki úr hópi fastra kennara, 4) aðild stúdenta í stjórn deilda og skora verði endurskoðuð og reynt að samræma tillögur deilda og stúdenta í því efni.“

Á fundum háskólaráðs 11. og 13. sept. 1975 voru tillögur rektors til umræðu í háskólaráði og afgreiddar þaðan á þann hátt, sem fram kemur í 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr. þessa frumvarps.

Eftir afgreiðslu málsins í háskólaráði sendi rektor greinargerð um málið til kynningar í deildum, námsbrautum, Félagi háskólakennara og Stúdentaráði Háskóla Íslands um leið og erindið var sent menntamálaráðuneytinu. Er saga málsins þar rakin nokkuð, svo og röksemdir þær, er fram koma í málinu. Greinargerð þessi er hér birt sem fylgiskjal 1.

**2. Ný deild, félagsvísindadeild.** Í 6. gr. og 11. gr. þessa frumvarps er að finna ákvæði varðandi þetta atriði.

Gert er ráð fyrir stofnun nýrrar háskóladeildar, félagsvísindadeildar, sem taka skal til þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, bókasafnsfræði og félagsráðgjafar og e. t. v. fleiri greina. Sú breyting felur í sér, að sálarfræði, uppeldisfræði og bókasafnsfræði, sem nú er skipað í heimspekideild, flytjast þaðan í hina nýju deild, þar sem einnig verða greinar þær, sem nú falla undir námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Einnig er gert ráð fyrir, að kennsla í félagsráðgjöf fari fram í deildinni, þegar sú kennsla kemst á laggirnar. Þá er og heiti tannlæknadeildar bætt í upptalningu deilda háskólans, en deildin var formlega stofnuð frá 1. maí 1972 að telja samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, þar sem segir m. a.: „Þegar þrír prófessorar verða skipaðir í tannlæknisfræðum, getur menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og læknadeildar mælt svo fyrir, að sérstök tannlæknadeild verði stofnuð.“ Deildin var áður formlega hluti af læknadeild.

Tillagan um stofnun félagsvísindadeildar er reist á álitserð nefndar, sem háskólarektor skipaði 6. janúar 1975 í samræmi við samþykkt háskólaráðs 3. október 1974, til „að kanna, hvort stofna skuli nýja deild við Háskóla Íslands, er nái yfir þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, félagsráðgjöf og e. t. v. fleiri greinar.“ Í nefndinni áttu sæti fimm háskólakennarar og tveir fulltrúar námsmanna. Í álitserð nefndarinnar, dags. 17. janúar 1975, segir m. a.:

„Nefndin hefur ákveðið að mæla með stofnun nýrrar deildar, sem nái yfir þær greinar, sem nefndar eru sérstaklega í samþykkt háskólaráðs. Nefndin telur eftirfarandi röksemdir styðja slíka deildarstofnun:

- 1) Þær greinar, sem hér eru taldar, eru fræðilega skyldar á ýmsa vegu. Þær eiga að nokkru leyti sameiginlegan uppruna. Þær beita á sumum sviðum samskonar vísindalegum aðferðum og krefjast að hluta svipaðrar fræðilegrar þjálfunar. Þær fást í æ ríkara mæli við sömu viðfangsefni. Sameiginlegt áhugasvið þeirra hefur á undanförunum árum orðið og virðist í framtíðinni verða sífellt umfangsmeira
- 2) Samvinna þessara greina í nýrri deild myndi þegar í upphafi hafa í för með sér sparnað og á næstu árum enn frekari hagkvæmni í rekstri. Auðveldara yrði að sameina námskeið í ýmsum greinum, t.d. tölfræði, tölvunotkun, aðferðafræði, félagssálarfræði, í eitt námskeið í hverri grein í stað tveggja nú. Kennslukraftar myndu þannig nýtast betur. Samstarf kennara í öðrum greinum yrði mun auðveldara. Hagnýting rannsóknaraðstöðu t.d. á spýrlum, úrtökum, tölvuvinnslu o. fl., sem eru meðal dýrustu þátta í rannsóknarstarfsemi, yrði greiðari og tvímælalaust meiri. Hin nýja deildarstofnun myndi því lækka tilkostnað við núverandi kennslu í þeim greinum, sem nefndar eru í samþykkt háskólaráðs, skapa möguleika á meiri nýtingu fjármuna til rannsóknarstarfsemi og gera kennslu í ýmsum nýjum greinum ódýrari og fyrirhafnarminni.
- 3) Hin nýja deild myndi skapa innan háskólans og gagnvart erlendum háskólum og rannsóknarstofnunum eðlilegan og hæfilega viðamikinn stjórnsýsluaðila. Hin nýja deild yrði á næstu árum skipuð 10—12 fastráðnum kennurum og bendir reynsla til þess, að það sé stjórnsýslulega hentug stærð. Við þessa nýskipan yrði heimspekideild minnkuð að nokkru leyti og stjórnsýsla innan hennar þannig gerð auðveldari, þjóðfélagsfræði tengdist aðalstjórnkerfi háskólans og auðvelt væri að koma félagsráðgjöf og öðrum nýjum greinum stjórnsýslulega fyrir.
- 4) Hin nýja deild myndi auðvelda stúdentum samval greina úr þessum fræðum. Áhugi stúdenta á samvali námsefnis úr þjóðfélagsfræði og sálarfræði hefur á undanförunum árum reynst mjög mikill. Að nokkru leyti hefur námsáhugi stúdenta vísað veginn til nýrrar deildar. Slík skipan yrði þeim tvímælalaust til mikilla hagsbóta.

Nefndin leggur til, að hin nýja deild beri heitið félagsvísindadeild (Faculty of Social Sciences), enda er það heiti í samræmi við venju víða erlendis.“

Eftir að nefndarálitid hafði sætt umsagnar meðferð í háskóladeildum og Stúdentaráði Háskóla Íslands féllst háskólaráð á megingintillögum nefndarinnar. Háskólaráð taldi þó rétt, að nafn hinnar nýju deildar yrði þjóðfélagsfræðadeild, en ekki félagsvísindadeild, en hér er í því efni fylgt tillögum nefndarinnar. Þá hefur háskólaráð og samþykkt, að bókasafnsfræði skuli flytjast í hina nýju deild, auk þeirra greina, sem gert er ráð fyrir í nefndarálitinu.

Þess skal getið að í sambandi við endurskoðun þá, sem nú fer fram á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, hefur verið hreyft því sjónarmiði, að stefna þurfi að því að Kennaraháskólinn verði meginvettvangur kennslu og rannsókna á sviði uppeldis- og kennslufræða. Kynni slík stefnumörkun að hafa í för með sér þá breyting í framtíðinni, að ein þeirra greina, sem hér er gert ráð fyrir að verði í hinn nýju félagsvísindadeild, þ. e. uppeldisfræði, flyttist á vegu Kennaraháskóla Íslands.

3. **Prófdómarafyrirkomulag.** Að frumkvæði háskólaráðs skipaði menntamálaráðuneytið 7. nóvember 1975 nefnd til þess að kanna möguleika á lækkun prófkostnaðar við Háskóla Íslands. Nefndin skilaði álit 12. nóvember 1975 og fylgir það hér með, merkt sem fylgiskjal 2.

Eins og fram kemur í 10. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir gjörbreytingu prófdómarafyrirkomulags við háskólann. Prófdómarar eru felldir niður við skrifleg próf, en haldið samkvæmt fyrra hætti við munnleg próf. Í tillögum nefndarinnar var þó gert ráð fyrir því, að stúdentar ættu rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar. Ef stúdent vildi ekki una mati kennarans að fengnum útskýringum, þá væri skylt að skipa prófdómara. Í meðförum háskólaráðs var því breytt þannig, að þetta skyldi einungis gilda um stúdenta, sem ekki hefðu staðist próf. Einnig var sú breyting gerð í meðförum háskólaráðs, að kennari gæti óskað skipunar prófdómara í einstakri prófgrein eða prófbætti, en nefndin hafði lagt til, að slík heimild væri bundin við einstök próf. Hér er fylgt tillögu nefndarinnar um þetta atriði.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér eru fyrirmæli um kosningarétt og kjörgengi við rektorskjör. eru þar eftirtaldir meginbreytingar:

1. Í stað orðanna „.... og eru próffessorar einir kjörgengir“, komi „.... og eru skipaðir próffessorar einir kjörgengir“. Ákvæði þetta er aðeins sett til þess að taka af tvímæli um kjörgengi settra próffessora.
2. Kveðið er á um atkvæðisrétt allra, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Áður höfðu einungis atkvæðisrétt próffessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir voru til fulls kennslustarfs. Með ákvæði þessu fá atkvæðisrétt hlutadósentar og hlutalektorar og enn fremur aðrir starfsmenn háskólans og stofnana hans, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs og hafa háskólapróf. Er hér einkum um að ræða kennara í hlutastarfi við læknadeild og starfsfólk með háskólapróf við rannsóknastofnanir háskólans og stjórnsvýslu. Með lögfestingu þessa ákvæðis fjölga þeim starfsmönnum Háskóla Íslands, sem atkvæðisrétt eiga við rektorskjör, mjög verulega.
3. Þá eru ákvæði um gjörbreytta aðild stúdenta að rektorskjöri. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fá þeir þriðjungsaðild að rektorskjöri og hafa allir stúdentar atkvæðisrétt í stað þess að nú eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Við síðasta rektorskjör, 15. nóv. 1973, voru 20 fulltrúar stúdenta á kjörskrá og 103 háskólakennarar.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um breyttan tíma rektorskjörs. Samkvæmt núgildandi lögum fer rektorskjör fram í maímánuði, en samkvæmt þessari grein er það fært fram til aprílmánaðar.

Rökstuðningur fulltrúa stúdenta í háskólaráði, sem fluttu tillögu um þessa breytingu, sem var einróma samþykkt í ráðinu 5. febrúar 1976, var þessi:

„1) Æskilegt er að kosning til jafn mikilvægs embættis fari ekki fram á þeim tíma sem stúdentar eru í prófum, en maímánuður er nú aðalprófmánuður ársins.

2) Rektorskosning verður í framtíðinni nokkuð mikið fyrirtæki enda mun á þriðja þúsund manns hafa kosningarétt. Í Stúdentaráðskosningum er þátttaka stúdenta yfirleitt 60—70%. Sé gert ráð fyrir svipaðri þátttöku þeirra í rektorskjöri, þá munu 1600—1900 stúdentar greiða atkvæði í næstu rektorskosningum. Það má því áætla að sá fjöldi kennara og stúdenta er greiði atkvæði í næstu rektorskosning-

um fari yfir 2000 manns. Líklegast er að rektorskosning standi yfir allan daginn, eða frá 9—18. Það er því augljóst að mikinn fjölda starfsfólks þarf til þess að kosning gangi sem greiðast fyrir sig á kjörstað. Þar eð nauðsynlegt verður að hafa vaktaskipti, þá er 30 manna starfslið algjört lágmark að okkar mati og er þá miðað við þá reynslu sem við höfum af undanförunum Stúdentaráðskosningum.

Þar eð stúdentar hafa 1/3 hluta atkvæðismagns þá er eðlilegt að þeir leggi a. m. k. fram 1/3 hluta starfsliðs við kosningarnar. En að okkar mati verður illmögulegt að fá stúdenta til slíkra starfa í miðjum prófum, enda ekki sanngjörn krafa.

3) Fari rektorskosning fram í aprílmánuði, þá gefst nýkjörnum rektor tækifæri til að fylgjast með fjárlagagerð háskólans, þannig að þegar hann tekur við embætti þá hefur hann öðlast allgóða þekkingu á þeim þætti stjórnsýslunnar.

Að síðustu viljum við benda á, að í tillögum stjórnsýslunefndar er mælt með því að rektorskosning fari fram á tímabilinu 1. apríl til 1. maí, samanber bls. 24 í nefndarálitinu.“

Næsta rektorskjör fer fram vorið 1976.

Um 3. gr.

Hér er einungis um smávægilegar breytingar að ræða frá gildandi ákvæðum. Fellt er niður skilyrði þess efnis, að tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, taki þátt í atkvæðagreiðslunni.

Um 4. gr.

Í háskólaráði eiga nú sæti auk rektors forsetar háskóladeilda, sem nú eru sjö, einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir í sérstökum kosningum. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fjölga fulltrúum Félags háskólakennara úr einum í tvo og fulltrúum stúdenta úr tveimur í fjóra. Breyting þessi hefur í för með sér fjölgun háskólaráðsmanna úr 11 í 14 og þeir verða 15 ef 6. gr. þessa frumvarps, þar sem gert er ráð fyrir nýrri háskóladeild, nær fram að ganga. Af þessum 15 verða 8 próffessorar (deildarforsetar) auk rektors, tveir fulltrúar Félags háskólakennara og fjórir fulltrúar stúdenta.

Um 5. gr.

Hér er einungis um orðalagsbreytingu að ræða, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

Um 6. gr.

Greinin felur í sér þá breyting á deildaskipan í háskólanum, sem rakin er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 7. gr.

Greinin felur í sér breyting á stjórnaraðild stúdenta í háskóladeildum. Samkvæmt núgildandi lögum eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti á deildafundum, en samkvæmt þessari grein fjölga þeim í þrjá í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum er tólf eða færri, en síðan bætist við einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja, að á fundum skora í skorarskiptum deildum hafi að minnsta kosti tveir stúdentar rétt til fundarsetu. Enginn ákvæði eru um þetta í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að tryggja, að á fundum í deildarráðum, þar sem þau eru, skuli að minnsta kosti tveir stúdentar hafa rétt til fundarsetu. Enginn ákvæði eru um þetta í gildandi lögum.

Um 10. gr.

Grein þessi kveður á um nýja tilhögun prófdómarastarfa, sem rakin er í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 11. gr.

Í X. kafla nógildandi laga eru ákvæði um námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Brottfelling þessa kafla leiðir af þeirri breytingu, að námsbrautin er lögð niður sem sérstök stjórnslueining, en kennslu- og rannsóknasvið hennar fellt undir hina nýju félagsvísindadeild, sbr. 6. gr.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki annarra skýringa en þeirrar, að eðlilegt er talið, að stofnun hinnar nýju félagsvísindadeildar sé bundinn við upphaf næsta háskólaárs.

### Fylgiskjal I.

#### **Til kynningar í deildum, námsbrautum, Félagi háskólakennara og Stúdentaráði Háskóla Íslands.**

Álit stjórnslunefndar og ýmis atriði varðandi stjórnslu Háskóla Íslands hafa verið til umræðu í háskólaráði öðru hverju á annað ár. Á þessum tíma hefur kennslustjóraembætti við háskólann verið lögfest á Alþingi og ennfremur lögfest heimild til að stofna til nýrra námsbrauta innan skólans án lagabreytinga.

Það hefur verið skoðun undirritaðs og háskólaráðs, að stofnun kennslustjóraembættisins skapi möguleika á aukinni verkaskiptingu við yfirstjórn háskólans, þannig að háskólaritari, kennslustjóri, byggingastjóri (lausráðinn í hlutastarf) og aðstoðaðarháskólaritari (skrifstofustjóri) fái tiltölulega afmarkað starfs-svið í nánnum tengslum við rektorsembættið. Á þennan hátt má án frekari lagabreytinga ná ýmsum þeim markmiðum, sem stjórnslunefndin taldi æskilegt við stjórnslu skólans.

Á sama hátt má koma á frekari verkaskiptingu en þegar er orðin innan háskólaráðs, þannig að embættismenn í yfirstjórninni undirbúi í samráði við ákveðnar nefndir innan ráðsins ákveðin mál, sem séu þá betur undirbúin en ella, þegar þau koma til umræðu í háskólaráði. Slíkt gæti jafnvel leitt til færri funda í ráðinu. Til þess að gera slíka verkaskiptingu mögulega er æskilegt að fjölga fulltrúum Félags háskólakennara og stúdenta í ráðinu, svo að of mikið álag verði ekki á hverjum einstökum fulltrúa þessara aðila.

Með þessi atriði og fleiri í huga lagði undirritaður fram tillögu í háskólaráði 1. júlí 1975, en áður hafði Félag háskólakennara haft a. m. k. 2 fundi um stjórnslu háskólans, þar sem félagsmenn gátu komið skoðunum sínum á framfæri. Stúdentaráð H. Í. hafði skilað greinargerð um málið og umsagna deilda hafði verið leitað sérstaklega um aðild stúdenta að stjórn deildanna.

Tillaga undirritaðs var svohljóðandi:

„Háskólaráð ályktar að fela rektor að semja í sumar drög að frumvarpi til breytinga á háskólalögum, þar sem

- 1) hlutdeild stúdenta í rektorskjöri verði aukin í 1/3,
- 2) stúdentar fái allt að fjóra fulltrúa í háskólaráði,
- 3) Félag háskólakennara fái 2 fulltrúa í háskólaráði, og sé annar þeirra ekki úr hópi fastra kennara,
- 4) aðild stúdenta í stjórn deilda og skora verði endurskoðuð og reynt að samræma tillögur deilda og stúdenta í því efni.

Tillögur þessar skulu vera tilbúnar til afgreiðslu í háskólaráði fyrir upphaf næsta háskólaárs“.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna, en síðan var hún samþykkt með 6 samhljóða atkvæðum.

Forseti lagadeildar óskaði að bókað yrði: „Ég tel það ekki til bóta fyrir stjórn-sýslu háskólans að fjölga í stjórnarstofnunum, en greiði þó til samkomulags til-lögunni atkvæði. Áskil ég mér allan rétt til að taka afstöðu óháð þessari samþykkt, þegar endanlegur tillögur liggja fyrir“.

Undirritaður lét bóka, að hann hefði setið hjá við afgreiðslu tillögu sinnar, þar sem hann hefði eigi viljað knýja fram samþykkt hennar með atkvæði sínu, ef atkvæði hefðu fallið jöfn.

Varaforseti háskólaráðs var fjarverandi á þessum fundi.

---

Á fundi háskólaráðs 11. þ.m. lagði undirritaður fram svofelldar tillögur:

„Undirritaður leggur hér með til við háskólaráð, að það mæli með því, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og síðari breytingum á þeim:

1. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjör-gengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eiga allir stúdentar sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðis-bærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

2. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskóla-kennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deild-arforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstök-um kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef Félag háskólakennara og stú-dentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til eins árs.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Í stað orðanna: „..... eða fulltrúi Félags háskólakennara.....“ komi: „..... eða fulltrúar Félags háskólakennara....“

3. 1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Í stað orðanna: „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefnd-ir af aðalfundi deildarfélags“ komi: „Ennfremur eiga þar sæti þrjú fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags í deildum þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildar-samþykktum er tólf eða færri, fjórir ef þeir eru á bilinu þrettán til tuttugu og fjórir að báðum tölum meðtöldum, en sex, ef þeir eru fleiri“.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Aftan við málgreinina bætist: „Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir“.



4. mgr. 14. gr. orðist svo:  
Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir“.

Ákveðið var að boða til nýs háskólaráðsfundar um þetta eina mál 13. þ.m.

Í upphafi fundarins 13. þ. m. var lögð fram svofelld breytingartillaga frá stúdentum:

„Breytingartillaga við 1. mgr. 4. gr.

Leggjum til að orðið „hlutfallskosningu“ í áttundu línu falli niður.

**Rökstuðningur:**

Við lítum svo á að það sé grundvallarsjónarmið að stúdentar ákveði sjálfir kosningafyrirkomulag sitt. Hér er um að ræða sérstakar kosningar stúdenta og það er því þeirra mál hvernig kosningarnar fari fram.

Við vekjum athygli á þeirri staðreynd að í núgildandi lögum Háskóla Íslands hefur ekki þótt ástæða til að setja sérstök ákvæði um kosningafyrirkomulag stúdenta.

Við vekjum jafnframt athygli á því að samkvæmt lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands er ekki hægt að breyta kosningalögum ráðsins nema með 2/3 hluta atkvæða. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum muni hvorugar fylkingar stúdenta (listi vinstrimanna er nú hefur 57% atkvæða og Vaka er hefur 43% atkvæða) ná slíkum meirihluta. Samkomulag beggja aðila þarf því til að breyta kosningalögum og hætta á valdbeitingu annars hvors aðilans er því ekki fyrir hendi.

Við viljum taka sérstaklega fram að við undirritaðir erum hlyntir hlutfallskosningum í þessu tilviki, en teljum það grundvallaratriði að slíkt sé ekki ákveðið í lögum, heldur ákveði stúdentar sjálfir kosningafyrirkomulag sitt.

**Breytingartillaga við 1. mgr. 14. gr.**

Leggjum til að setningin sem byrjar „ennfremur eiga þar sæti.....“ hljóði svona: Ennfremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta. Skal fjöldi stúdenta ekki vera meiri en 33.3% af þeim sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, og ekki minni en 20%. Skulu deildir ákveða í reglugerð prósentufjölda stúdenta til setu á deildarfundum.

**Rökstuðningur:**

Við teljum að okkar tillaga hafi þrjá meginkosti umfram tillögu rektors:

- 1) Okkar tillaga felur það í sér að um er að ræða einfaldara kerfi.
- 2) Okkar tillaga býður upp á þann sveigjanleika sem ýmsir deildarforsetar hafa rætt um síðustu mánuði.
- 3) Okkar tillaga gefur þeim deildum sem vilja og hafa áhuga á, tækifæri til náins samstarfs og samvinnu við stúdentana.

Við vísum á bug öllu tali um að deildarfundir verði of fjölmennir með auknum fjölda stúdenta og erfiðir í vöfum. Við teljum að í ljósi þess hversu sjaldan fundir þessir eru haldnir á hverju ári þá sé hér ekki um vandamál að ræða. Við bendum í þessu sambandi á að heimspekideild, sem hefur á að skipa einu fjölmennasta kennaraliðinu, hefur samþykkt þriðjungsaðild og ekki talið ástæðu til að óttast að deildarfundir yrðu of fjölmennir.

Ef síðasta breytingartillaga okkar nær ekki fram að ganga þá leggjum við til að setningin „tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ falli niður í 14. gr.

Reykjavík, 12. 9. 1975.

Erling Ólafsson. Þorsteinn Magnússon“.

Undirritaður gerði á fundinum grein fyrir tillögum sínum og lagði m. a. áherslu á eftirtalin atriði:

1. Mjög víða í Evrópu hefur ósamkomulag milli kennara og stúdenta leitt til þess, að lög hafa verið sett um stjórn háskólanna, þ. á. m. stjórnaraðild stúdenta, án nokkurs samráðs við stjórn skólanna. Æskilegt væri því, að innan Háskóla Íslands yrði reynt að ná sem víðtækastri samstöðu um málið.
2. Æskilegt væri að tryggja bæði meirihluta og minnihluta stúdenta aðild að háskólaráði, ef þeir skiptust í tvo allstóra hópa, sem stilltu upp listum.
3. Þátttaka stúdenta í rektorskjöri spillti ekki tíma þeirra frá námi, en þeir hefðu óumdeilanlega mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við kjörið. Aukin aðild þeirra væri því eðlileg.
4. Tillögurnar gengju að jafnaði ekki lengra og yfirleitt nokkru skemmra en gert er, þar sem lög hafa verið sett um þessi mál í Evrópu að undanfögnu. Sérstaklega væri hlutdeild kennara í háskólaráði og stjórnnum deilda meiri en tíðkaðist þar.

Forseti lagadeildar óskaði eftir svofelldri bókun, áður en gengið var til atkvæða um breytingartillögur og tillöguna í heild: „Ég tel engin rök til þess að veita stúdentum aukna aðild að stjórn háskólans, en margt mæla í gegn, m. a. sé líklegt að öll fjölgun í stjórnarstofnunum háskólans þyngi stjórnsýslu verulega, eða verði sýndarmennskan einber. Ég greiði þó tillögu rektors atkvæði til samkomulags og í þeirri von, að hér verði látið staðar numið“.

Effirtaldar breytingartillögur, auk tillögu stúdenta í ráðinu, komu fram og hlutu þá afgreiðslu, sem hér segir:

1. Breytingartillaga frá forseta tannlæknadeildar þess efnis, að á eftir orðunum „.... og eru....“ í 1. mgr. 3. gr., komi „.... skipaðir....“. Hún var samþykkt einróma.
2. Breytingartillaga frá rektor við 1. mgr. 3. gr., þess efnis, að á eftir orðunum: „Atkvæðisrétt hafa prófessorar ....“, komi: „.... dósentar og lektorar ....“. Hún var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1, en 6 sátu hjá.  
Með þessu orðalagi fengju hlutadósentar og hlutalektorar atkvæðisrétt í rektorskjöri.  
Þá var upphafleg breytingartillaga rektors við 1. mgr. 3. gr. samþykkt einróma (11 atkvæði) með áorðnum breytingum. Einnig var upphafleg breytingartillaga rektors við 3. mgr. 3. gr. samþykkt einróma.
3. Breytingartillaga við 1. mgr. 4. gr. frá rektor þess efnis, að í stað orðsins „tilnefndir“ í 2. línu upphaflegu tillögunnar komi „kosnir“. Hún var samþykkt einróma.
4. Breytingartillaga við 1. mgr. 4. gr. frá fulltrúa læknadeildar á fundinum, prófessor Davíð Davíðssyni, svohljóðandi: „Á eftir orðunum „fulltrúar“ í 2. línu upphaflegrar breytingartillögu rektors, fram til orðanna „í fyrsta sinn....“ í 5. línu í tillögu rektors, komi: .... „sem kosnir eru til tveggja ára í senn úr hópi þeirra kennara og háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, á fundi, sem háskóla­rektor boðar til“. Tillagan var felld með 7 atkvæðum gegn 1.
5. Breytingartillaga nr. 1, við 1. mgr. 4. gr. frá fulltrúum stúdenta í háskólaráði, sbr. áður.

Varaforseti viðskiptadeildar bar fram svofellda tillögu, sem háskólaráð taldi vera breytingartillögu við tillögu stúdenta (6:0): Aftan við 4. gr. bætist: „Skvilt er að viðhafa hlutfallskosningu við kjör fulltrúa, ef kosnir eru fleiri en einn og minnst 20% atkvæðisbærra manna óska þess“. Tillagan var felld með 5 atkvæðum gegn 2. Síðan var fyrri breytingartillaga stúdenta borin upp og felld með 6 atkvæðum gegn 4.

Þá var upphafleg breytingartillaga rektors við 1. mgr. 4. gr. með áorðnum

- breytingum samþykkt með 9 atkvæðum gegn 1, en 1 sat hjá. Þá var tillaga rektors um breytingu á 3. mgr. 4. gr. samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.
6. Breytingartillaga fulltrúa stúdenta í háskólaráði (sbr. áður) við 1. mgr. 14. gr. var felld með 6 atkvæðum gegn 4.
  7. Breytingartillaga stúdenta þess efnis, að setningin „tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ félli niður í 1. mgr. 14. gr., var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.
  8. Breytingartillaga við 1. mgr. 14. gr. frá forsetum heimspekideildar og verkfræði- og raunvísindadeildar, svohljóðandi: „Í framhaldi af „eru tólf eða færri“ í 1. mgr. 14. gr. komi „og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar““. Tillagan var samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1.

Þá var upphafleg breytingartillaga rektors við 1. mgr. 14. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum. Einnig var tillaga rektors um breytingu á 3. mgr. 14. gr. samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum og við 4. mgr. 14. gr. samþykkt með 10 samhljóða atkvæðum.

Tillögurnar voru síðan samþykktar í heild með 10 samhljóða atkvæðum.

Tillögur háskólaráðs eru þannig í heild sinni:

1. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Þá eiga allir stúdentar sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveim mánuðum á undan rektorskjöri atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

2. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af annar til eins árs, og síðan einn á hverju vori, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn, í fyrsta sinn vorið 1976, þar af tveir til eins árs, og síðan tveir á hverju vori. Ef félag háskólakennara og stúdentar hafa þegar kjörið 1 fulltrúa hvor aðili fyrir árið 1976—1977, þegar þessi lög taka gildi, þarf fyrrnefndi aðilinn engan að kjósa til eins árs vorið 1976 og síðarnefndi aðilinn þarf aðeins að kjósa einn fulltrúa til eins árs.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Í stað orðanna: „.... eða fulltrúi Félags háskólakennara....“ komi: „.... eða fulltrúar Félags háskólakennara....“.

3. 1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Í stað orðanna: „Enn fremur eiga þar sæti 2 fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags“ komi: „Ennfremur eiga þar sæti þrjú fulltrúar stúdenta, tilnefndir af aðalfundi deildarfélags í deildum þar sem tala annarra,

sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildar- samþykktum er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar.

3. mgr. 14. gr. orðist svo:

Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir“.

4. mgr. 14. gr. orðist svo:

Aftan við málsgreinina bætist: „Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir“.

16. september 1975.

Guðlaugur Þorvaldsson (sign.)  
rektor

## Fylgiskjal II.

Menntamálaráðuneytið skipaði eftirtalda í nefnd til þess að kanna möguleika á lækkun prófkostnaðar í Háskóla Íslands:

Arnlinu Óladóttur, stud. med., samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Dr. Guðmund Magnússon, prófessor, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs.

Hrafnhildi Stefánsdóttur, stjórnarráðsfulltrúa, án tilnefningar.

Sigurð Haraldsson, stjórnarráðsfulltrúa, samkv. tilnefningu fjármálaráðuneytis- ins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Stefán Sörensson, háskólaritari, samkv. tilnefningu háskólaráðs, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf sín með því að kanna, hver prófkostnaður Háskóla Íslands væri. Athugaðir voru reikningar ársins 1974 og tímabilsins 1. janúar — 31. október 1975. Skiptist kostnaðurinn þannig:

	1974	1.1.—31.10. 1975
Laun prófdómenda .....	kr. 8 073 872.00	kr. 10 026 838.00
Laun prófgæslumanna .....	— 1 680 717.00	— 1 943 866.00
Annar kostnaður .....	— 676 751.00	— 537.304.00
	Kr. 10 431 340.00	Kr. 12 508 008.00

Nefndin var sammála um, hvað snertir annan kostnað við próf en laun próf- dómenda, að beina því til menntamálaráðuneytisins að það óskaði endurskoðunar háskólaráðs á reglum um prófvörslu og framkvæmd prófa, en háskólaráði er falið að setja reglur um þessi atriði, sbr. 4. mgr. 62. gr. reglugerðar Háskóla Íslands. Við endurskoðun háskólaráðs yrði einkum haft í huga, hvort eigi kynni að vera unnt að draga úr kostnaði við prófgæslu, annars vegar með því að fela deildum framkvæmd skriflegra prófa, er fámennir hópar gengjast undir, þar sem viðkom- andi kennari er hvort eð er bundinn við prófstað meðan á prófi stendur, og hins vegar með því að fækka prófum eða stytta próftíma, en vaxandi tilhneiging hefur verið síðustu ár í sumum deildum til þess að leysa prófgreinar upp í æ fleiri próf- þætti. Hefur þetta valdið verulegri fjölgun skriflegra prófa.

Nefndinni var ljóst, að eina raunhæfa úrræðið til þess að lækka prófkostnað Háskóla Íslands að marki, fælist í því að draga sem mest úr notkun prófdómenda. Nefndinni var kunnugt um að víða eru prófdómarar ekki notaðir við háskóla, svo sem í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Taldi hún sig þó, vegna hagsmuna stúdenta, eigi geta gengið svo langt, en leggur til, eins og fram kemur hér að neðan, að við skrifleg próf verði að aðalreglu ekki notaðir prófdómendur. Með þessu hyggur nefndin að launagreiðslur til prófdómenda verði óverulegar miðað við núverandi

ástand, þar sem munnleg próf eru aðeins litill hluti af heildarfjölda prófa við Háskóla Íslands. Nefndin telur og, að með þessari breytingu megi tryggja, að framvegis liggi einkunnir úr skriflegum prófum fyrir fyrir en tíðkast hefur, en á því hefur oft verið óeðlilegur dráttur, sem stundum hefur stafað af önnum prófdómenda í þeirra aðalstarfi.

Nefndin hefur orðið sammála um eftirgreindar tillögur til breytinga á 29. gr. háskólalaga og 63.—65. gr. reglugerðar Háskóla Íslands:

29. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands orðist svo:

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflaga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómanda hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starf-ans að fenginni tillögu háskóladeildar.

63.—65. gr. reglugerðar Háskóla Íslands orðist svo:

#### 63. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflaga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdentinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómanda hérlendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starf-ans að fenginni tillögu háskóladeildar.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til prófdómenda að fengnum tillögum háskólaráðs.

#### 64. gr.

Prófandi ræður einn úrlausnarefni í hverri prófgrein.

#### 65. gr.

Prófandi og prófdómari, ef því er að skipta, dæma í sameiningu um úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur einkunn fyrir úrlausnina. Á þetta jafnt við, þótt prófdómandi sé til kvaddur samkvæmt 2. mgr. 63. gr.

---

Hér er um að ræða tillögu til breytinga á 29. gr. háskólalaganna og eru breyt-ingar á 63.—65. gr. reglugerðar bein afleiðing lagabreytingarinnar.

Ekki þykir fært, með tilliti til hagsmuna stúdenta, að leggja til að horfið verði frá því að hafa prófdómara við munnleg próf, en lagt er til að prófdómarar verði eigi hafðir við skrifleg próf. Eins og áður getur er meginþorri prófa í Háskóla Íslands í skriflegu formi. Gera má ráð fyrir, ef breyting þessi nær fram að ganga, að spara megi á ári hverju fjárhæð, sem nemur 7—9 milljónum króna, en það svarar til launa 6—8 lektora í fullu starfi, ef miðað er við verðlag yfirstandandi árs.

Í 2. mgr. 29. gr. háskólaganna, eins og hún hljóðar samkvæmt tillögu nefndarinnar, er nýmæli, sem ætlað er að tryggja hagsmunum stúdenta, eftir að niður eru lagðir prófdómendur við skrifleg próf. Það hefur að vísu verið óskráð regla í háskóla Íslands, að stúdent hafi getað snúið sér til kennara með ósk um útskýringar á mati úrlausnar sinnar. Hefur slíkri beiðni sjaldan verið synjað. Hér eru tekin af öll tvímæli um þennan rétt, en stúdent jafnframt settur ákveðinn frestur til þess að koma fram með beiðni sína. Ef svo kynni að fara að stúdent vildi síðan ekki sætta sig við orðinn hlut, verður hann að snúa sér til forseta viðkomandi háskóladeildar, sem ber þá að fá prófdómara skipaðan til þess að meta hina umdeildu úrlausn. Meðaðtal einkunnar kennara og prófdómara myndi þá gilda sem endanleg einkunn.

Gera má ráð fyrir því að stúdentar velji ekki þá leið, sem hér er opnuð, nema í undantekningartilvikum, þ. e. a. s. þegar stúdent hefur hlotið falleinkunn, sem er rétt neðan við mörkin og vill ekki una því. Ætti þetta því naumast að valda mikilli aukningu á vinnu kennara eða auknum kostnaði að marki.

Loks er gert ráð fyrir því að kennari geti fengið prófdómara skipaðan til einstaks prófs ef hann telur til þess sérstaka ástæðu. Gæti einkum reynt á þetta ákvæði ef kennari teldi mikið matsatriði um einstaka úrlausn, hvort nemandinn hefði náð tilskilinni lágmarkseinkunn eða ekki.

Um aðrar breytingar frá gildandi ákvæðum er ekki að ræða.

Reykjavík, 12. nóvember 1975.

Stefán Sörensson.      Hrafnhildur Stefánsdóttir.      Sigurður Haraldsson.  
Arnín Óladóttir.      Guðmundur Magnússon.